

Lagt fyrir fund velferðarráðs 16. september 2026

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um eftirfylgni með áhrifum breytinga á atvinnuleysistryggingum á þjónustu Reykjavíkurborgar

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að fylgjast sérstaklega með áhrifum breytinga á lögum um atvinnuleysistryggingar á fjárhagsaðstoð og aðra þjónustu Reykjavíkurborgar. Skilgreind verði grunnstaða og komið á reglulegri eftirfylgni með fjölda einstaklinga sem leita til Reykjavíkurborgar eftir að bótarétti lýkur eða vegna þess að skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum eru ekki uppfyllt. Fylgst verði meðal annars með áhrifum á fjárhagsaðstoð, sérstakan húsnæðisstuðning, ráðgjöf og virkniúrræði. Raunþróun kostnaðar og fjölda þjónustuþega verði borin saman við þær forsendur og sviðsmyndir sem settar voru fram í umsögn Reykjavíkurborgar um lagabreytingarnar. Niðurstöður verði lagðar fyrir velferðarráð eftir því sem við á og nýttar við fjárhagsáætlanagerð sem og í samskiptum við ríkið um fjármögnun og ábyrgð. Markmiðið er að fá skýra mynd af því hvort og að hvaða marki breytingar á atvinnuleysistryggingakerfi ríkisins leiða til aukinnar þjónustuparfar og kostnaðar hjá Reykjavíkurborg.

Greinagerð

Breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar voru gerðar þrátt fyrir skýrar ábendingar um að þær gætu haft veruleg áhrif á sveitarfélög og þá einstaklinga sem missa eða ná ekki bótarétti. Við meðferð málsins setti Reykjavíkurborg fram sviðsmyndir um mögulegan kostnað og bæði Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga voruðu við því að breytingarnar gætu aukið útgjöld og þjónustupörf sveitarfélaga.

Áhrifin geta náð langt út fyrir fjárhagsaðstoð. Aukinn kostnaður getur meðal annars komið fram í húsnæðisstuðningi, ráðgjöf, virkniúrræðum og annarri félagslegri þjónustu. VR (Verzlunarmannafélag Reykjavíkur) hefur jafnframt bent á að styttingu bótatímabils verði að skoða í samhengi við þau úrræði sem standa fólki til boða til að komast aftur á vinnumarkað og hefur gagnrýnt að við lagabreytinguna hafi skort greiningu á úrræðum, áhrifum þeirra og fjármögnun.

Fylgjast þarf með hversu margir leita til Reykjavíkurborgar vegna breytinganna, hvaða kostnaður og þjónustupörf fylgir og hvernig einstaklingunum farnast. Mikilvægt er að greina hvaða hópar verða helst fyrir áhrifum, hvaða virkni- og ráðgjafarúrræði þeir þurfa og hvort þjónustan styðji þá aftur til atvinnu, náms eða annarrar virkni.

Breytingar á bótakerfi ríkisins eiga ekki að fela í sér ósýnilegan og ófjármagnaðan kostnaðarflutning yfir á sveitarfélög. Með reglulegri eftirfylgni fæst grundvöllur til að meta bæði fjárhagsleg og félagsleg áhrif breytinganna og byggja samtal við ríkið um ábyrgð, úrræði og fjármögnun á raunverulegum gögnum.